



**359. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 26. ágúst 2024 kl. 16:30.**

**Mætt:** Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Garðar Svansson, , Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs sem ritaði fundargerð. Hjördís Guðmundsdóttir mætti á fundinn kl. 17:25.

**Á Microsoft Teams:** Hildur Karen Aðalsteinsdóttir.

**Forföll:** Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson og Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Samantekt skrifstofu**

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessarar vikunnar. Starfsemin í húsinu er rétt að fara aftur í gang eftir Ólympíuleika og sumarfrí.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir í Íþróttamiðstöðinni standi út árið. Vinna er hafin við jarðskjálftastyrkingar á tveimur útveggjum og áfram er haldið með breytingar og uppfærslur á skrifstofuhæð ÍSÍ. Ýmis viðhaldsverkefni og úttektir eru einnig í gangi í öðrum byggingum miðstöðvarinnar.

Verkefnið Göngum í skólann verður sett í Brekkuskóla á Akureyri 4. september nk. og Ólympíuhlaup ÍSÍ 2024 verður sett formlega í Borgarhólsskóla á Húsavík 5. september. Íþróttavika Evrópu er 23. – 30. september nk. Öll þessi verkefni eru á Fræðslu- og almenningsviði.

Afrekssviðið hefur hafið undirbúning fyrir Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fer fram snemma á næsta ári.

##### **2. Ólympíuleikarnir í París**

Farið yfir nýafstaðna Ólympíuleika í París. Íslensku keppendurnir náðu ágætis árangri á leikunum. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með umfjöllun fjölmiðla hér á landi um leikana.

Bæði forsætisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra sóttu leikana.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fékk tækifæri til að sækja nokkra viðburði leikanna og skoða Ólympíuþorpið. Öll voru þau sammála um að verkefnið væri algerlega einstakt, stemmingin stórkostleg og gæði viðburðanna mikil. Umfang og stærð leikanna kom þeim flestum á óvart. Einnig var vinnuálag starfsfólks ÍSÍ á leikunum rætt.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með útsendingar RÚV frá og töldu að jákvæð framsetning og umfjöllun um leikana ætti eftir að skila iðkendum í íþróttir á Íslandi og vonandi fleiri samstarfsaðilum.

Rætt var um mikilvægi þess að skoða vel undirbúningsferlið í undanfara leikanna í París, bæta það enn frekar fyrir næstu leika og skoða vel hvernig hægt er að styðja betur við sérsamböndin svo tryggja megi fleiri þátttakendur í Ólympíuleikum framtíðarinnar. Forseti sagði bjartsýni enn ríkja um aukið fjármagn til afreksíþróttamála á næstu mánuðum sem setja myndi aukinn kraft í málaflokkinn.

##### **3. Svæðisstöðvar íþróttahéraða**

Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með Jóhann Steinari Ingimundarsyni formanni UMFÍ, Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ og Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur verkefnastjóra um stöðu verkefnisins.

Enn á eftir að ráða starfsmenn í tvær stöður vegna m.a. breytinga á högum umsækjenda en hinar 14 stöðurnar eru þegar mannaðar. Vinna þarf greiningavinnu og mælikvarða, í samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið, svo hægt verði að sjá hverju verkefnið skilar.

Framkvæmdastjóri upplýsti að vinnudagur starfsfólks svæðisskrifstofanna yrði í Laugardalnum 28. ágúst nk. Starfsfólk höfuðborgarsvæðisins verður staðsett á skrifstofu FSÍ í Íþróttamiðstöðinni fyrst um sinn þar sem fækkað hefur tímabundið í starfsliði sambandsins.

Rætt var um Hvatasjóðinn. Drög að reglugerð um sjóðinn er í yfirllestri og verða vonandi lögð fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

#### **4. Umhverfi afreksmála**

Forseti skýrði frá því að fundur sé áætlaður á næstunni í svokallaðri þingmannanefnd um málefnið. Fundur um markaðs- og kynningarmál verður haldinn í næstu viku.

Rætt um ólympísk verkefni og afstöðu framkvæmdastjórnar ÍSÍ til framtíðarpátttöku í verkefnum.

Daníel Jakobsson skýrði frá því að Afrekssjóður ÍSÍ muni funda með sérsamböndum næstkomandi fimmtudag og kynna þar úthlutun. Áætlað er að halda einnig fundi með hverju sérsambandi fyrir sig til að fara yfir málin.

#### **5. Verndari íþróttahreyfingarinnar**

Samþykkt að óska eftir því við Höllu Tómasdóttur, nýkjörinn forseta Íslands, að vera verndari íþróttahreyfingarinnar, líkt og forverar hennar hafa verið.

#### **6. Umsókn ÍA um endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Tekin fyrir umsókn Íþróttabandalags Akraness um endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Starfsmenn á Stjórnarsýslusviði ÍSÍ hafa lesið yfir fylgigögn umsóknarinnar og eru öll skilyrði uppfyllt.

Umsóknin samþykkt. Skrifstofa verður í sambandi við ÍA um afhendingu viðurkenningarinnar á næstu vikum.

#### **7. Ársfundur Íslenskra getrauna**

Ársfundurinn verður haldinn mánudaginn 2. september nk. Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ á fundinum verði Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri.

Umræður urðu um umfjöllun fjölmiðla um ólöglega veðmálastarfsemi undanfarnar vikur og greinar sem ritaðar hafa verið af ýmsum aðilum um málefnið í miðlum landsins. Nýlega sendi skrifstofa ÍSÍ út bréf til sambandsaðila varðandi ábyrga spilun og ólögleg mæta veðmálastarfsemi til áréttingar á ýmsum þáttum þar sem greinar um málið hafa leitt af sér misvísandi skilaboð um stöðuna.

#### **8. Erindi til ÍSÍ**

- Bréf frá Reykjavíkurborg varðandi áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum

Í bréfinu var óskað eftir umsögn ÍSÍ um 11. grein málsmeðferðarreglna borgarráðs Reykjavíkurborgar, um veitingastaði og gististaði.

Lagt fram minnisblað Helgu Þórðardóttur lögfræðings vegna málsins.

Umræður urðu um málið. Afgreiðslu málsins frestað.

#### **9. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 357. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ með lagfæringum. Fundargerðin var staðfest með rafrænum hætti gegnum tölvupóst og er hér bókuð formlega staðfest í fundargerð.
- 358. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Fundargerðin var staðfest með rafrænum hætti gegnum tölvupóst og er hér bókuð formlega staðfest í fundargerð.
- Fundargerð laganeftar frá 15. ágúst sl. Tillögur laganeftar um afgreiðslu mála samþykktar.

#### **10. Viðburðir framundan**

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

**11. Næstu fundir**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 12. september, 10. október og 21. nóvember.  
Samþykkt að Formannafundur ÍSÍ verði haldinn föstudaginn 22. nóvember.

Rætt um mögulegar dagsetningar Íþróttapings ÍSÍ. Ákvörðun verður tekin síðar.

Garðar Svansson óskaði eftir því að ákvörðun forseta ÍSÍ varðandi áframhaldandi framboð til embættisins liggja fyrir á Formannafundi ÍSÍ.

**12. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19:07.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari